



Skipulags- og umhverfisnefnd – 19.11.2015

---

72. fundur.

19. nóvember 2015 kl. 10:00 -11:00

Fundarstaður: Kjarni

---

**Fundarmenn:**

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

**Starfsmenn:**

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

**Dagskrá:**

1. *Holtakot í Þingeyjarsveit. Umsókn um stofnun lóðar.*
2. *Kotungsstaðir í Fnjóskadal. Umsókn um stofnun lóða.*
3. *Kambsstæðir í Ljósavatnsskarði. Umsókn um stofnun lóðar.*

**1. Holtakot í Þingeyjarsveit. Umsókn um stofnun lóðar  
S20151102**

Erindi dags. 13. nóvember 2015 frá Þórhalli Ragnarssyni þar sem hann sækir um heimild til að stofna sérstaka lóð undir rofahús út úr landi Holtakots í Þingeyjarsveit. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppdráttur frá Eflu verkfræðistofu á Akureyri. Sveitarstjórn hafði áður samþykkt erindi um stofnun lóðar undir rofahús í landi Holtakots en Vegagerðin gerði athugasemdir við staðsetningu hennar og því hefur borist nýtt erindi þar sem lóðin er færð fjær aðliggjandi þjóðvegum skv. tilmælum Vegagerðarinnar.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún felli eldri samþykkt úr gildi og samþykki nýja staðsetningu lóðarinnar og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár*

## **2. Kotungsstaðir í Fnjóskadal. Umsókn um stofnun lóða.**

S20151101

Erindi dags 9. nóvember 2015 frá Guðmundi H. Gunnarssyni á Búgarði, f.h. Valbæjar kt. 610289-1429, Undirhlíð 3, 603 Akureyri, þar sem sótt er um heimild til að stofna fjórar lóðir undir núverandi frístundahús í landi Kotungsstaða í Fnjóskadal.

Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðauppdráttur frá Búgarði (GHG)

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðirnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.*

## **3. Kamsstaðir í Ljósavatnsskarði. Umsókn um stofnun lóðar.**

S20151102

Erindi dags 16. nóvember 2015 frá Hauki Þórhallssyni og Þórhalli Hermannssyni f.h. landeigenda Kamsstaða þar sem sótt er um heimild til að stofna lóð undir núverandi íbúðarhús út úr landi Kamsstaða í Ljósavatnsskarði

Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppdráttur frá Búgarði (GHG). Nanna Þórhallsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár*

*Fundi slitið.*